



Landsbréf er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Félagið er dótturfélag Landsbankans og annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða auk eignastýringar, með yfir 100 milljarða kr. í virkri stýringu. Nánari upplýsingar er að finna á landsbref.is

Framkvæmdastjóri Landsbréfa hf.

Landsbréf óska eftir að ráða traustan og drífandi framkvæmdastjóra í ábyrgðarmikið og krefjandi starf. Leitað er að einstaklingi sem getur leitt áframhaldandi vöxt félagsins í samstarfi við sterkan og reynslumikinn hóp framúrskarandi sérfræðinga á fjármálamarkaði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Öflugur leiðtogi og stjórnandi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð þekking og reynsla af samningatækni
- Mikil greiningarhæfni
- Yfirgripsmikil reynsla og þekking á fjármálamarkaði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfavíðskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Áhugi á íslensku samfélagi og hagsmunum þess

Upplýsingar veita:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Pórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 21. apríl.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Kruðerí Kaffitárs er nýtt matvælafyrirtæki og bakarí á Nýbýlavegi í Kópavogi. Í fyrirtækinu starfa um 20 manns. Áherslur fyrirtækisins eru bragðgóður og hollur matur gerður frá grunni fyrir gesti á kaffihúsum Kaffitárs og aðra sælkeri. Rekjanleiki og upplýsingar um það sem er í vörnum skiptir okkur máli og sömuleiðis að þróa framboð kaffihúsa í takt við hollari lífsstíl.

Elskar þú mat og að bardúsa í eldhúsinu?

Kruðerí Kaffitárs leitar að fagmanni á sviði matargerðar sem vill taka þátt í að gera matinn okkar og kökurnar frábærar og hollar fyrir kroppinn. Við viljum gera allt frá grunni og úr góðum hráefnum.

Okkur vantar konu/mann í hópinn sem hefur gaman af því að fást við framleiðslu, vöruþróun, gæðaeftirlit, stjórnun og annað sem nauðsynlegt er til að gera Kruðerí að framsæknu og flottu matvælafyrirtæki.

Ef þér finnst við áhugaverð þá endilega sendu okkur umsókn. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 27. apríl.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Framtíðin býr í fólkinu

Samkeppnisforskot framtíðarinnar mun að stórum hluta snúast um að tryggja sér hæfasta starfsfólkið og búa því kjöraðstæður til að blómstra í starfi.

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

- .NET hugbúnaðarþróun
- Verkfræðingur - fjarskipti
- Prófanastjóri - hugbúnaðarlausnir

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ www.intellecta.is

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Fjölnet ehf. er eitt elsta Internetþjónustu-fyrirtæki landsins með sögu sem nær allt til ársins 1999. Í dag er fyrirtækið í hópi fimm stærstu hýsingar- og internetfyrirtækja á landinu með stóran og fjölbreyttan hóp fyrirtækja í viðskiptum. Fyrirtækið er með ISO27001 gæðavottun.

Fjölnet ehf. er í eigu Tengils ehf. sem hefur starfað í 27 ár. Hjá Tengli starfa yfir 40 starfsmenn og er fyrirtækið með starfsemi á þremur stöðum á landinu.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.fjolnet.is

Microsoft sérfræðingur

Fjölnet ehf. á Sauðárkróki óskar eftir að ráða Microsoft sérfræðing til starfa.

Í starfinu felst rekstur miðlægra tölvukerfa, bæði innri- og hýsingarumhverfa, ásamt samskiptum og samvinnu við viðskiptavinum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mjög góð þekking á Microsoft stýrikerfum er nauðsynleg og Microsoft vottun t.d. MCSE eða MCITP er æskileg
- Lágmark þriggja ára reynsla af rekstri, hönnun og uppsetningu tölvukerfa
- Afbragðs þjónustulund, sjálfstraust til að vinna verkefni frá upphafi til enda ásamt hæfileikum til að starfa með öðrum
- Þekking á MS Exchange, Windows Server, Terminal Server, MS Lync, MS Sharepoint, Powershell, MS SQL og IIS er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Microsoft Dynamics CRM forritari

Landsbankinn óskar eftir CRM forritara á Rekstrar- og upplýsingatæknisvið bankans.

Upplýsingatækni sinnir krefjandi verkefnum fyrir allar deildir bankans og býður upp á spennandi vinnuumhverfi og tækifæri fyrir öflugum einstaklingum.

Helstu verkefni

- » Þátttaka í viðamikilli innleiðingu á Microsoft Dynamics CRM kerfi hjá Landsbankanum.
- » Unnið er í teyrum þar sem Agile verkætun er höfð í fyrirrúmi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Reynsla og góð þekking á CRM.
- » Reynsla af sambærilegum innleiðingum hérlendis eða erlendis.
- » Þekking á Javascript, Sql Server og Reporting Services er kostur.
- » Reynsla af .Net og C# er æskileg sem og reynsla af samþættingu.
- » Frumkvæði, fagmennska og rík þjónustulund.
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Guðni B. Guðnason, forstöðumaður Upplýsingatækni í síma 410 7001 og Ingibjörg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 410 7902.

Umsókn merkt „Microsoft Dynamics CRM forritari“ fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Hlynur sf. óskar að ráða smiði
 til vinnu við viðhald og viðgerðir.
 Upplýsingar veitir Pétur í síma 8652300
 eða á netfangið hlynursf@internet.is

Málarar
 Óskum eftir lærðum málurum í vinnu. Menn með mikla
 reynslu koma einnig til greina.
 Umsóknir sendist á netfangið litalausnir@gmail.com

**Fjárfestingartækifæri
 í ferðapjónustu**
 HEFURÐU ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ FJÁRFESTA
 Í AÐPREYINGU Í FERÐAÞJÓNUSTU ?
 FYRIRLIGGJANDI STARFSSAMNINGAR LIGGJA
 FYRIR. REYNDIR AÐILAR Í REKSTRI.
 ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SENDIÐ RAFFÓST
 Á HOFUDBORGIN@HOFUDBORGIN.IS FYRIR
 MIÐVIKUDAGINN 16. APRÍL. FULLUM TRÚNAÐI HEITIÐ.

Vélamaður

566227

Gámapjónustan hf. óskar eftir að ráða vélamann í umhleðslu- og flokkunarstöð fyrirtækisins að Berghelli í Hafnarfirði.

Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði og meirapróf æskilegt.

Leitað er að heilsuhaustum einstaklingi sem er ekki yngri en 20 ára og með reynslu af vinnuvélum.
 Um framtíðarstarf er að ræða og verður ráðið í starfið fljótlega. Vinnutími er virka daga frá kl. 7:00-18:00.



SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS



Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Sinnnum óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra starfsemi fyrirtækisins. Í boði er mjög áhugavert starf í lifandi og skapandi umhverfi.
 Nánari upplýsingar um fyrirtækið má sjá á www.sinnnum.is.

Starf framkvæmdastjóra felur í sér ábyrgð og umsjón með:

- Öllum fjármálarekstri fyrirtækisins og daglegum rekstri
- Áætlanagerð, kostnaðargreiningum og eftirliti
- Starfsmannamálum, ráðningum og þjálfun
- Tilboðs- og samningagerð, stefnumótun og skýrslugerð
- Sölu-, ímyndar- og markaðsaðgerðum
- Samskiptum við viðskiptavini, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, leiðtoga- og skipulagshæfni
- Áhugi á heilbrigðis- og/eða velferðargeira er mikilvægur

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
 Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
 Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
 Sími 540 1000

capacent

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum.
 Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
 Ármúla 13
 Sími 540 1000

capacent



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Lögfræðingur – Lánamál ríkisins

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í lánamál ríkisins. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Verkefni eru vegna umsýslu Seðlabankans með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkisins. Þau snúa að skjalagerð og lögfræðilegri ráðgjöf ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem tengjast þessu. Í því felast mikil samskipti við ráðuneyti og aðrar innlendir stofnanir. Umsjón með greiðslu krafna á hendur Ríkisábyrgðasjóði og innheimtu þess sem greitt er vegna ríkisábyrgða t.d. með kröfugerð í þrotabú föllnu bankanna í samvinnu við lögfræðistofur. Ritun lögfræðilegra álitserða. Lögfræðileg og töluleg skoðun krafna sem berast Ríkisábyrgðasjóði. Skjalagerð vegna töku erlendra lána ríkissjóðs og samskipti við erlendar lögfræðistofur vegna þess.

Einnig fylgir starfinu að geta gengið í ýmis önnur verkefni innan lánamála eftir því sem óskað er.

Hæfnikröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Góð þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu og löggjöf á fjármálamarkaði er æskileg
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Mjög gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnáttu í ensku
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í Seðlabanka Íslands fyrir aðila sem hefur metnað til að ná árangri í starfi. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður, lánamál ríkisins, bs@cb.is

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.seðlabanki.is, í síðasta lagi 28. apríl næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



SÝKINGAVARNAEILD Sjúkraliði

Laust er til umsóknar starf sjúkraliða á sýkingavarnadeild.

Hlutverk sýkingavarnadeildar LSH er að veita forystu, leiðsögn og umgjörð um sýkingavarnir og stuðla þannig að öruggu umhverfi fyrir sjúklinga og starfsmenn.

Helstu verkefni sýkingavarnadeildar eru:

Sýkingavarnir og viðbrögð vegna sýkinga á LSH, skráning á sýkingum meðal sjúklinga, fræðsla, upplýsingamiðlun og eftirfylgd og að stuðla að auknu öryggi sjúklinga og starfsmanna Landspítala.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Almenn ritarastörf og umsýsla
- » Þátttaka í upplýsingaöflun og úrvinnslu gagna
- » Þátttaka í fræðslu og verkefnum deildarinnar
- » Umhverfissýnataka og önnur verkefni í samráði við deildarstjóra

Hæfnikröfur

- » Sjúkraliðamenntun
- » Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- » Góð færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki eru mikilvægir þættir

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl 2014.
- » Starfið er laust frá 1. júní 2014 eða eftir samkomulagi.
- » Starfshlutfall er 80 -100% eða eftir samkomulagi.
- » Umsókn fylgi starfsferilskrá og afrit af prófskriteinum.
- » Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Upplýsingar veitir Ásdís Elfarsdóttir, deildarstjóri, netfang asdiself@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélagss og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Háskólinn
á Akureyri

LEKTOR Í STJÓRNUN

Háskólinn á Akureyri auglýsir lausa 100% stöðu lektors í stjórnun við viðskiptadeild viðskipta- og raunvísindasviðs.

Leitað er að sérfræðingi á öllum sviðum stjórnunar, en þó sérstaklega á sviðum almennrar stjórnunar, skipulagsgerðarfræða, mannauðsstjórnunar, þekkingarstjórnunar og forystufræða.

Umsækjendur skulu vera með grunnmenntun í viðskiptafræðum og sterkan grunn í aðferðafræði rannsókna. Helstu verkefni eru kennsla og rannsóknir á ýmsum sviðum stjórnunar við viðskiptadeild.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á fræðasviðinu, staðfest með álit dómnefndar, eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.
- Kennslureynsla á háskólastigi og reynsla af vísindastörfum teljast nauðsynleg.
- Stjórnunarreynsla úr atvinnulífi eða opinberum rekstri er æskileg.
- Umsækjandi skal sýna fram á hæfni til að kenna og stunda rannsóknir á einhverju af ofantöldum sviðum stjórnunar. Viðtæk þekking á öðrum sviðum viðskiptafræða er einnig æskileg.
- Kraftur er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, samstarfslipurðar og skipulagshæfni.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir viðskiptadeildar.

Umsóknarfrestur er til 12. maí.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2014.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Ögmundur Knúttsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, sími 460-8615, netfang: ogmundur@unak.is.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Háskólans á Akureyri, www.unak.is og á Stafatorgi, www.stafatorg.is, númer 201404/221.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.



EUROPEAN UNION
DELEGATION TO ICELAND

Secretary for the EU Delegation

The Delegation of the European Union to Iceland is seeking to recruit a Secretary to provide secretarial and administrative support to the Delegation. The person we look for should among others have the following qualifications:

- Secondary education (giving access to University studies);
- Secretarial experience for a company, organisation or public body of at least 5 years;
- Experience in an Embassy and /or an International organisation as asset;
- Fluent in Icelandic and English;
- Excellent written and oral communication skills
- Computer skills

For more information on requirements for the post and tasks to be performed by the Secretary please consult: http://eeas.europa.eu/delegations/iceland/about_us/vacancies/index_en.htm

Please e-mail your application letter including standard CV before 2nd May 2014 (English only) to: DELEGATION-ICELAND@eeas.europa.eu

www.unak.is

Sölustjóri

Sólar leitar að kraftmiklum sölumanni sem jafnframt verður sölustjóri fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi sem er öflugur í sóknarsölu. Á auðvelt með að skipuleggja sókn og sölustarfssemi. Öflugur að sjá ný tækifæri. Hefur ástríðu fyrir sölustörfum. Hugmyndaríkur og hefur eigin hvata til að sækja sölutækifæri og sölu.

Starfssvið:

Skipulagning og dagleg framkvæmd sölustarfa ásamt öðrum sölumanni
Sölustjóri er sjálfur sóknarsölumaður
Tilboðs- og samningagerð til viðskiptavina
Uppbygging á sölusviði fyrirtækisins

Hæfniskröfur:

Menntun sem nýtist í starfi
Sölustarfsreynsla er skilyrði
Góð tölvukunnátta, excel og word
Hreint sakavottorð
Góð íslensku- og enskukunnátta
Mjög sjálfstæð og kraftmikil vinnubrögð.
Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og almenn jákvæðni.

Umsókn, ásamt ferilskrá sendist fyrir 30.apríl á netfangið ceohuxun@ceohuxun.is. Vinsamlegast setjið í efnislinu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Frekari upplýsingar um störfin fást með að senda fyrirspurn á sama netfang. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Sólar er ört vaxandi þjónustufyrirtæki í sérflokki á sviðið alhliða fasteignamsjónar. Við leggjum áherslu á umhverfsvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 150 frábærir starfsmenn.
www.solarehf.is



ATVINNA

AP-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.
Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á

bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“



Skeiðarási 12
210 Garðabæ

Sérfræðingur í Fjárstýringu

Íslandsbanki býður alhliða fjármálaþjónustu. Hjá bankanum starfa um 1.000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera #1 í þjónustu.

Hlutverk Fjárstýringar er fjármögnun starfseminnar með útgáfu skráðra skuldabréfa á innendum og erlendum mörkuðum og stýring lausafjár-, gjaldmiðla- og vaxtaáhættu bankans.

Helstu verkefni:

- Umsjón með útgáfufærlum og reglulegar uppfærslur á útgáfurömmum vegna skráðra skuldabréfa
- Samskipti við eftirlitsaðila og skjalagerð í tengslum við víxla- og skuldabréfafjármögnun
- Stýring á tryggingarsöfnum vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa
- Gerð kynningarefnis, skýrslugerð og greining
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfni talnaskilningur og nákvæmni
- Hæfni til að flytja og rökstyðja mál á fundum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Skipulagshæfni og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Ósveldur Knudsen, forstöðumaður Fjárstýringar, osveldur.knudsen@islandsbanki.is, sími 440 2788. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl.



stykkishólmur

Bærinn við eyjarnar

www.stykkisholmur.is

Aðstoðarskólastjóri Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða aðstoðarskólastjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2014.

Aðstoðarskólastjóri

- er staðgengill skólastjóra.
- vinnur með skólastjóra að daglegri stjórnun og skipulagningu skólustarfsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi í grunnskóla.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Stjórnunarreynsla æskileg eða framhaldsnám í stjórnun.
- Góð þekking á sérkennslu/stoðþjónustu væri æskileg.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenski tungu í ræðu og riti.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Svanlaugsson skólastjóri í síma 433 8177 eða 864 8864, gunnar@stykk.is

Skriflegum umsóknum skal skilað til skólastjóra fyrir 30. apríl 2014.



Sveitarfélagið Vogar

Við Stóru-Vogaskóla vantar kennara í náttúrufræði, smíði, textílnent og í almenna kennslu á yngsta stigi. Einnig vantar sérkennara. Menntunarkröfur: kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veita:

Svava Bogadóttir, skólastjóri og Hálfðan Þorsteinsson aðstoðarskólastjóri í síma 440-6250. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og umsóknir á: skoli@vogar.is
www.storuvogaskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launaneftdar Sveitarfélaga.

Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Við óskum eftir að ráða leikskólakennara til starfa næsta haust.

Nánari upplýsingar veita:

María Hermannsdóttir leikskólastjóri og Oddný Baldvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 440-6240. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á leikskoli@vogar.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launaneftdar Sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 27. apríl 2014.



Stjórnumálun

- fagmennska í fyrirtæmi

Málarar

Vegna fjölda verkefna sem framundan eru óskar Stjórnumálun ehf eftir málurum í vinnu, bæði er í boði framtíðarstörf og sumarstörf.
ATH: Aðeins kemur til greina að ráða menn með reynslu í málaraíðun.

Umsóknir skulu berast á ivar@stjornumalun.is, einnig er hægt að hringja í 869-5302

www.stjornumalun.is

Afgreiðsla í apóteki

Lyfjaver ehf óskar eftir starfsmanni til afgreiðslustarfa í apóteki. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og hreint sakavottorð. Lágmarksaldur er 20 ár. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 22. apríl n.k.



LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

Yfirverkstjóri / Rekstrarstjóri

Fjarðanet óskar að ráða yfirverkstjóra/rekstrarstjóra yfir netaverkstæði sitt á Neskaupstað

Netaverkstæði Fjarðanets í Neskaupstað byggir fyrst og fremst á þjónustu við uppsjárflotann, framleiðslu, viðhaldi og viðgerðum á loðnunótum, síldarnótum og flottrollum. Ásamt framleiðslu á fiskitrollum og þjónustu við fiskeldi.

Starfið felur í sér vinnu á netaverkstæði ásamt ábyrgð á rekstri verkstæðisins; skipulagning framleiðslu og þjónustu, gerð teikninga, tilboða, pantana og samskipti við viðskiptavinum og birgja. Starfið felur einnig í sér yfirumsjón með netaverkstæði Fjarðanets á Fáskrúðsfirði.

Viðkomandi vinnur í nánun samstarfi við aðra verkstjóra Fjarðanets og Hampiðjana.

Við leitum að lærdum netagerðarmanni eða manni með langa reynslu af veiðarfæragerð. Við leitum að, sjálfstæðum, jákvæðum, og þjónustulíprum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða almenna tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar gefur Jón Einar Marteinsson í síma 4 700 802 eða 856 0802. Umsóknir ásamt starfsferilskrá skulu sendar, **fyrir 30. apríl** til Fjarðanets hf, Strandgötu 1, 740 Neskaupstað eða í tölvupósti á joneinar@fjardanet.is



Fjarðanet hf rekur alhliða veiðarfærþjónustu í Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði og Fáskrúðsfirði. Í Neskaupstað og á Ísafirði rekur Fjarðanet einnig Gúmmibátaþjónustu. Fjarðanet er eina sérhæfða fyrirtækið í þjónustu við fiskeldi á Íslandi með rekstri á þvottastöð og framleiðslu og sölu á fiskeldispokum og tengdum búnaði. Fjarðanet er hluti af Hampiðjan Group.



Áhugi á fiskeldi?

Krefjandi störf í boði við skammtilega uppbyggingu

Arctic Fish er móðurfélag eldisfyrirtækisins Dýrfisk hf og fullvinnslufyrirtækisins Arctic Odda á Flateyri.

Dýrfiskur hf festi nýverið kaup á kynbótaeldisstöðvum að Fiskalóni og Bakka í Ölfusi en félagið er með seiðaeldisstöð sína í Tálknafirði og stærsta sjókvíaeldið í Dýrafirði. Frekari stækkanir eru í burðarliðnum bæði í land- og sjóeldi. Arctic Oddi á Flateyri hefur á undanförunum árum byggt upp sérhæfða vinnslu eldisafurða en er auk þess í vinnslu hefðbundins sjávarafli. Fyrirtækin eru í dag með yfir 50 starfsmenn og leita nú eftir að fá fleiri starfsmenn í vaxandi rekstur félaga.

Rekstrarstjóri Dýrfisks hf.

Leitum að starfsmanni með reynslu og þekkingu á bókhaldi, rekstrargreiningum, áætlanagerð og verkefnastjórnun. Kostur ef viðkomandi hefur grunn í fiskeldi og/eða fiskiðnaði.

Starfsstöð rekstrarstjóra er á skrifstofu Arctic Fish í Sjávarklasanum í Reykjavík en viðkomandi þarf líka að geta unnið á öðrum starfsstöðum félagsins.

Stöðvarstjóri kynbótaeldis

Leitum að starfsmanni með reynslu og þekkingu á fiskeldi og þá sérstaklega kynbótum og seiðaeldi.

Starfsstöð stöðvarstjóra er að Fiskalóni og Bakka í Ölfusi en viðkomandi starfar líka náið með starfsfólki annarra starfsstöðva Arctic Fish.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk.

Starfsmaður í kynbótaeldi

Leitum að starfsmanni með reynslu og/eða þekkingu á fiskeldi.

Starfsstöð starfsmannsins er að Fiskalóni og Bakka í Ölfusi.

Starfsmaður í seiðaeldi

Leitum að starfsmanni með reynslu og/eða þekkingu á fiskeldi.

Starfsstöð starfsmannsins er í Botni í Tálknafirði.



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfín á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Umsjón með störfunum hefur Lind Einarasdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is



FORSETI LAGAÐEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að leiða áframhaldandi þróun og uppbyggingu öflugrar lagadeildar HR. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík.

LEITAÐ ER AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:

- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Doktorspróf á sviði lögfræði.
- Reynslu af rannsóknum og kennslu á háskólastigi.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan lagadeildar er fengist við kennslu og rannsóknir í lögfræði. Boðið er upp á nám á BSc-, ML- og PhD-stigi. Um 360 nemendur stunda nám við deildina og eru fastir starfsmenn 17 talsins auk fjölda stundakennara. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ari Kristinn Jónsson, rektor (ari@ru.is), sími 599 6200.

Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, ru.is/lausstorf, fyrir 5. maí 2014. Fylgigögn skal hengja við umsóknareyðublað en þau má einnig senda á mannaudur@ru.is eða til Háskólans í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík, merkt „Starf deildarforseta“. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3400 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is



ALM FJÁRMÁL
Um fjármál og fagmennsku

Viltu taka þátt í að byggja upp öflugt óháð fjármálafyrirtæki?

ALM Fjármálaráðgjöf hf. óskar eftir að ráða öfluga starfsmenn í eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.

Eignastýring

Leitað er að reynslumiklum einstaklingi á sviði eignastýringar (Senior) sem hefur til að bera mikinn metnað fyrir hönd viðskiptavina og framúrskarandi þjónustulund.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Gerðar eru kröfur um háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, eða sambærilega menntun. Framhaldsmenntun er kostur. Árangursrík reynsla af eignastýringu eða hliðstæðum verkefnum á fjármálamarkaði er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Kristinn Egilsson, forstöðumaður eignastýringar.

Umsóknir sendist á sigurdur@almfjarmal.is

Fyrirtækjaráðgjöf

Leitað er að aðilum sem hafa nokkura ára starfs reynslu í fyrirtækjaráðgjöf. Verkefni eru á sviði fjármögnunar fyrirtækja, lánsþjónustur, verðmat fyrirtækja og skuldabréfa.

Menntunar- og hæfniskröfur:


Gerðar eru kröfur um háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði, eða sambærilega menntun. Framhaldsmenntun er kostur. Óskað er eftir aðila sem hefur a.m.k. þrjú ára starfsreynslu í fyrirtækjaráðgjöf.

Nánari upplýsingar veitir Ísak S. Hauksson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar.

Umsóknir sendist á isak@almfjarmal.is

Umsóknarfrestur er til og með 28 apríl, 2014.

Um ALM Fjármálaráðgjöf hf.
ALM Fjármálaráðgjöf hf. er sérhæft verðbréfafyrirtæki á sviði eignastýringar, áhættugreiningar og fyrirtækjaráðgjafar.
ALM Fjármálaráðgjöf hf. er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.



VILT ÞÚ SPENNANDI OG LÍFLEGT
STARF Í FERÐAÞJÓNUSTU?

Starf á verkstæði

Bílaleigur AVIS og Budget leita að starfsmanni á verkstæði á leigustöð í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Öll almenn vinna á bifreiðaverkstæði
- Léttar viðgerðir bifreiða
- Akstur á neyðarþjónustubíl
- Svörun neyðarsíma

Almennar hæfniskröfur:

- Reynsla af viðgerðum bifreiða skilyrði
- Meirapróf er kostur
- Bílpróf og hreint sakavottorð
- Enskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- 25 ára lágmarksaldur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á atvinna@alp.is

merkt „Verkstæði“.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2014.

AVIS

Budget

Bílaleigur AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengi AVIS og Budget.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Tæknimaður á skipulags- og byggingasviði

Skipulags- og byggingasvið Árborgar óskar eftir að ráða byggingatæknifræðing eða byggingafræðing til starfa sem fyrst. Starfið heyrir beint undir skipulags- og bygginga- fulltrúa.

Meðal verkefna eru:

- Ýmis fagleg úrvinnsla vegna byggingareftirlits í samræmi við lög og reglugerðir.
- Undirbúningur og umsýsla með framkvæmd úttekta.
- Skráning fasteignaupplýsinga og viðhald fasteignagjaldgrunnus.
- Skýrslugerð.
- Þróun Landupplýsingakerfis.
- Yfirferð aðaluppdráttá, sérteikninga og annarra hönnunargagna.
- Vinna við áætlunargerð og eftirfylgni áætlana.
- Innleiðing gæðastjórnunarkerfis.
- Aðkoma að skipulagsmálum.

Áhersla er lögð á að umsækjandi sé duglegur, geti unnið sjálfstætt, sé fær í mannlegum samskiptum og hafi áhuga á að veita skjóta og trausta þjónustu.

Æskileg menntun og reynsla:

- BS-tæknifræði/verkfræðinám eða nám í byggingafræði.
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkstýringu á verkefnasviðinu.
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office og Cad-hugbúnaðar.
- Reynsla og/eða áhugi á upplýsingakerfum og rafrænum lausnum í nútíma stjórnsýslu.

Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Umsókn skal skilað á netfangið

umsokn@arborg.is fyrir 25. apríl 2014.

Allar upplýsingar um starfið veitir Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingafrulltrúi, í síma 4801500 á skrifstofutíma eða á netfanginu bardur@arborg.is

Sveitarfélagið Árborg

Geturðu GERT þetta?

Óskað eftir áhugasömum meistaranema í starfsnám

Starfið felst meðal annars í því að tengja saman skóla og fyrirtæki og aðstoða við að þróa leiðir að samstarfi sem getur nýst nemendum um ókomna framtíð, setja upplýsingar og fróðleik á aðgengilegt form á vefsíðu GERT og hvetja til miðlunar upplýsinga. Þetta er tækifæri fyrir áhugasaman einstakling til að tengja eigið nám við fjölbreytt starf og byggja upp óflug tengslanet.

GERT (Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni) er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að efla áhuga nemenda á raunvísindum og tækni og virkja atvinnulíf og skóla í því skyni.

Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is

Umsóknarfrestur er til 22. apríl



www.vinna.is



Vertu með í frábærum hóp

ILVA er glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun sem orðin er þekkt meðal landsmanna fyrir gæði, verðlagningu og framúrskarandi þjónustu. Við viljum vera stolt af starfsfólki okkar og að starfsfólkið sé stolt af okkur.

ILVA lagerstjóri

Við leitum að lagerstjóra til afgreiðslustarfa, umsjónar með daglegum rekstri og birgðahaldi lagers. Áhersla er lögð á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera lipur í samskiptum, hugmyndaríkur og fylginn sér til framkvæmda. Sjálfstæð vinnubrögð, kröfuharður og góður stjórnandi. Starfsreynsla af sambærilegu starfi er skilyrði.

Aldurstakmark er 20 ár. Vinnutími 08:00 – 18:30 alla virka daga, helgarvinna eftir samkomulagi.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun. Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is eða sent umsóknir á netfangið ilva@ilva.is

Tökum það með trukki

BÍLSTJÓRAR Í SUMARSTÖRF

Landflutningar - Samskip óska eftir að ráða bílstjóra í sumarstörf. Uppistaða bílaflota Samskipa eru nýlegir Benz og Scania dráttarbílar af árgerð 2012-2014. Um er að ræða 100% störf bæði í dag- og vaktavinnu. Akstur með gáma er bæði innanbæjar og út á land. Bílstjórastörf henta vel báðum kynjum.

Hæfnikröfur

- Meirapróf CE
- Reynsla af akstri dráttarbíla æskileg
- ADR réttindi eru kostur
- Vinnuvélaréttindi eru kostur
- Góður skilningur á verklagsreglum og færni til að fylgja þeim

- Þekkir eðli þjónustu og tilbúin að vinna eftir þjónustuviðmiðum
- Byr yfir þekkingu á vélbúnaði farartækja og getur greint minniháttar bilanir
- Gott heilsufar
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl

Vinsamlegast fyllið út almenna umsókn á samskip.is. Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2014. Sendið einn ferilskrá og önnur gögn með umsókninni s.s. hreint sakavottorð, ljósrit af báðum hliðum ökuskrárisins sem og af öllum réttindaskirteinum. Einnig ökuferilskrá sem hægt er að nálgast á næstu lögreglustöð. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Albert Harðarson flotastjóri í síma 858 8660.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hóp starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu. Samskip eru menntafyrirtæki atvinnulífsins 2014.

samskip
Saman náum við árangri

Skipaefirlitsmaður



HB Grandi óskar eftir að ráða gæðaeftirlitsmann fyrir frysti- og ísfisktogara félagsins, en félagið gerir út þrjú frystitogara og fjóra ísfisktogara

Starfið felur meðal annars í sér:

- Úttekt á afurðum frystitogara
- Mat á gæðum og frágangi á fiski af ísfisktogurum
- Kennsla um borð í meðferð afla og vinnslu
- Innleiðing og viðhald á gæðakerfum
- Ýmis tilfallandi verkefni
- Hæfniskröfur:
- Reynsla af sjómennsku
- Færni í helstu tölvuforritum
- Ensku kunnátta
- Mjög góðir samskipta hæfileikar
- Háskólapróf kostur en er ekki nauðsyn

Umsóknir skal senda á pósthöfn torfi@hbgrandi.is
Nánari upplýsingar gefur Torfi P. Þorsteinsson í síma 858 1140 eða Birkir Hrnannar Hjálmarsson í síma 858 1101

AUGLÝSING

Viltu vera með í að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu?

Norræna Atlantssamstarfið leitar eftir verkefnastjóra til starfa á aðalskrifstofunni í Þórshöfn í Færeyjum.

Umsóknarfrestur: 2. maí 2014.

Nánari upplýsingar um NORA og um stöðuna á www.nora.fo



KENNSLUSTJÓRI LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STARF KENNSLUSTJÓRA

Hlutverk kennslustjóra er að leiða stefnumótun á sviði kennslumála og þróunar við skólann í samstarfi við aðra stjórnendur. Leitað er að einstaklingi sem hefur metnað í skólumálum og skilningi á vægi lista í samfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa ríka skipulags- og stjórnunarhæfileika, vera góður leiðtogi, lipur í samskiptum og eiga auðvelt með að starfa með öðrum.

Helstu verkefni kennslustjóra:

- > Yfirumsjón með kennsluskrá, samræming stundaskráa og fyrirkomulag kennslu í samræmi við einingafjölda, námslýsingar og hæfniviðmið.
- > Stefnumótun í tengslum við kennsluskrá og kennslufyrirkomulag til að ná fram þverfaglegum markmiðum skólans á fræðasviði lista.
- > Skipuleggja stuðning, endurmenntun, þjálfun og samskipti við kennara.
- > Tryggja gæði náms.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðisviðinu listir. Skólinn starfar í fimm deildum; myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild, og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru þrjár við Þverholt, Sólhvólsgötu og Laugarnesveg í Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- > Meistaragráða sem nýtist í starfinu.
- > Reynsla af umsjón og skipulagi kennslu.
- > Þekking á háskólaumhverfi og uppbyggingu kennsluskrá.
- > Færni í greiningu gagna.
- > Mjög gott vald á íslensku og ensku hvort heldur sem er í ræðu eða riti.

Með umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- > Yfirlit yfir starfsferil, menntun og námsferil ásamt afriti af útskriftarskránum.
- > Stutt greinargerð þar sem umsækjandi lýsir hugmyndum sínum um hlutverk kennslustjóra.

Umsóknir skal skila á aðalskrifstofu skólans að Þverholti 11, Reykjavík, eigi síðar en miðvikudaginn 30. apríl. Gert er ráð fyrir að kennslustjóri hefji formlega störf við upphaf næsta skólaárs, eða 1. ágúst 2014. Listaháskólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Upplýsingar um starfið veita:

Gunnhildur Arnardóttir
gunnhildurarnar@ceohuxun.is
og Trausti Harðarson traustihardar@ceohuxun.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Skipaefirlitsmaður



HB Grandi óskar eftir að ráða skipaefirlitsmann í sumarafleysingar til að hafa umsjón með viðhaldi togara félagsins. Viðkomandi þarf að vera vélfræðingur eða hafa sambærilega menntun. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á pósthöfn torfi@hbgrandi.is
Nánari upplýsingar gefur Gísli Jónmundsson í síma 858 1103 eða Guðmundur Hafsteinsson í síma 858 1122



MOSFELLSBÆR

Proskapjálfi í Krikaskóla



